# Öryggisblað

## ADA118 Intershield 852 Signal Green Part A

**útgáfa engin** 3 **Revision Date:** 27/11/11

Fullnægir ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 (REACH), viðauka II og reglugerðar (EB) nr. 1272/2008

## 1. HLUTI: Auðkenning efnisins/blöndunnar og fyrirtækisins/félagsins

**1.1. Auðkenni vöru** Intershield 852 Signal Green Part A

Vörukóði ADA118

Skráningarnúmer

**1.2. Viðeigandi tilgreind notkun efnisins eða blöndunnar og notkun, sem ráðlegt er gegn**

Ætluð notkun Sjá tækniblað.

Ásetningaraðferð Sjá tækniblað.

**1.3. Upplýsingar um afhendingaraðila öryggisblaðsins**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Framleiðandi** | International Paint Ltd.<br>Stoneygate Lane<br>Felling Gateshead<br>Tyne and Wear<br>NE10 0JY UK | **Innflytjandi** | SérEfni ehf<br>Síðumúli 22<br>108 Reykjavík Iceland |
| **Símanr.** | +44 (0)191 469 6111 | **Símanr.** | +354 517 0404 |
| **Fax nr.** | +44 (0)191 438 3711 | **Fax nr.** | +354 517 0403 |

**1.4. Neyðarsímanúmer**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Framleiðandi** | +44 (0)191 469 6111 (24 hr) | **Innflytjandi** | +354 517 0404 (24 hr) |

**Símanr. opinbers ráðgjafaraðila:**
**Ráð fyrir lækna og sjúkrahús**

| | | | |
|---|---|---|---|
| | +44 (0)844 892 0111 | | +354 543 2222 |
| **Tölvupóstur** | sdsfellinguk@akzonobel.com | | |

## 2. HLUTI: Auðkenning hættu

**2.1. Flokkun efnisins eða blöndunnar**

**Blanda EKKI enn flokkuð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008**

**Flokkun í samræmi við 67/548/EEC eða 1999/45/EC.**

| | |
|---|---|
| Xi | Ertandi. |
| R10 | Eldfimt. |
| R36/38 | Ertandi fyrir augu og húð. |
| R43 | Getur orsakað ofnæmisviðbrögð við húðsnertingu. |
| R52/53 | Skaðlegt vatnalífverum, Getur orsakað slæm áhrif á vatnaumhverfið. |

**2.2. Frumatriði merkimiða**

**Í samræmi við 1999/45/EC**



Ertandi

**Inniheldur:** Epoxy resin (av.mol.wt.<700),

R10 Eldfimt.
R36/38 Ertandi fyrir augu og húð.
R43 Getur orsakað ofnæmisviðbrögð við húðsnertingu.
R52/53 Skaðlegt vatnalífverum, Getur orsakað slæm áhrif á vatnaumhverfið.

S23 Andið ekki að ykkur gufu / úða.
S24 Forðist snertingu við húð.
S37 Klæðist viðeigandi hönskum.
S51 Notið aðeins á vel loftræstum svæðum.

**P. setningar**

Inniheldur Epoxý efnisþætti. Sjá upplýsingar frá framleiðandanum.

**2.3. Aðrar hættur**

Þessi vara inniheldur engin PBT/vPvB efni.

## 3. HLUTI: Samsetning/upplýsingar um innihald

Ef varan inniheldur efni sem skapa heilbrigðishættu, sem fellur undir skilning tilskipunar 67/548/EC um hættuleg efni, eða eru með starfstengd berskjöldunarmörk talin upp í EH40, eru þessi efni tilgreind að neðan.

| Innihald/Efnafræðileg heiti | Þungi % | 67/548/EEC Flokkun | EC nr. 1272/2008 Flokkun | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|
| Epoxy resin (av.mol.wt.<700)<br>CAS númer: 0025068-38-6<br>EC nr. 500-033-5<br>Atriðaskrárnr.: 603-074-00-8<br>REACH skrán. nr.: 01-2119456619-26-xxxx | 10 - < 25 | R43 Xi;R36/38 N;R51-53 | Eye Irrit. 2;H319<br>Skin Irrit. 2;H315<br>Skin Sens. 1;H317<br>Aquatic Chronic 2;H411 | [1] |
| Xylene<br>CAS númer: 0001330-20-7<br>EC nr. 215-535-7<br>Atriðaskrárnr.: 601-022-00-9<br>REACH skrán. nr.: | 2.5 - < 10 | R10 Xn;R20/21 Xi;R38 | Flam. Liq. 3;H226<br>Acute Tox. 4;H332<br>Acute Tox. 4;H312<br>Skin Irrit. 2;H315 | C<br>[1][2] |
| Butan-1-ol<br>CAS númer: 0000071-36-3<br>EC nr. 200-751-6<br>Atriðaskrárnr.: 603-004-00-6<br>REACH skrán. nr.: 01-2119484630-38-xxxx | 2.5 - < 10 | R10 Xn;R22 Xi;R37/38-41 R67 | Flam. Liq. 3;H226<br>Acute Tox. 4;H302<br>STOT SE 3;H335<br>Skin Irrit. 2;H315<br>Eye Dam. 1;H318<br>STOT SE 3;H336 | [1][2] |
| Ethylbenzene<br>CAS númer: 0000100-41-4<br>EC nr. 202-849-4<br>Atriðaskrárnr.: 601-023-00-4<br>REACH skrán. nr.: | 1 - < 2.5 | F;R11 Xn;R20 | Flam. Liq. 2;H225<br>Acute Tox. 4;H332 | [1][2] |
| Quartz<br>CAS númer: 0014808-60-7<br>EC nr. 238-878-4<br>Atriðaskrárnr.:<br>REACH skrán. nr.: | 1 - < 2.5 | Xn;R48/20 | Acute Tox. 4;H332<br>STOT RE 2;H373 | [1][2] |

[1] Efni flokkað sem hættulegt heilsu og umhverfi.

[2] Efni með takmörkun á vinnustað vegna váhrifa.
[3] PBT-efni eða vPvB-efni.

*Heildartexti setninganna er birtur í 16. hluta.

## 4. HLUTI: Ráðstafanir varðandi skyndihjálp

### 4.1. Lýsing á ráðstöfunum varðandi skyndihjálp

**Almennt**

Í öllum vafatilvikum eða þegar einkenni haldast, leitið læknisaðstoðar.

Gefið aldrei meðvitundarlausri persónu eitthvað um munn.

**Innöndun**

Færið í ferskt loft, haldið viðkomandi hlýjum og í hvíldarstöðu. Ef öndun er óregluleg eða hefur stöðvast, veitið öndunarhjálp. Ef viðkomandi er meðvitundarlaus setjið hann í hliðarlegu og leitið þegar læknisaðstoðar. Gefið viðkomandi ekkert um munn.

**Húð**

Fjarlægið mengaðan fatnað. Þvoið húð vel með sápu og vatni eða notið viðurkenndan húðhreinsi. Notið EKKI leysi eða þynni.

**Augu**

Vætið ríkulega með hreinu fersku vatni í a.m.k. 10 mínútur, haldið augnlokunum opnum og leitið læknisaðstoðar.

**Inntaka**

Ef gleypt er af slysni leitið tafarlausrar læknisaðstoðar. Haldið í hvíldarstöðu. Framkallið EKKI uppköst.

### 4.2. Mikilvægustu einkenni og áhrif, bæði bráða og tafin

Engin gögn eru tiltæk.

### 4.3. Vísbending um hvers konar bráða læknisaðstoð og sérstaka meðferð, sem þörf er á

Engin gögn eru tiltæk.

## 5. HLUTI: Ráðstafanir varðandi slökkvistörf

### 5.1. Slökkvimiðill

Ráðlagður slökkvimiðill; alkóhólþolin froða, $CO^2$. Duft, vatnsúði.

Notið ekki; vatnsbunu.

### 5.2. Sérstakar hættur, sem stafa af efninu eða blöndunni

Eldur mun leiða af sér þykkan svartan reyk. Niðurbrotsefni geta meðal annars verið eftirtalin efni: kolsýringur, koltvísýringur, reykur, köfnunarefnisoxíð.
Forðist berskjöldun og notið öndunarbúnað eins og við á.

### 5.3. Ráðleggingar fyrir slökkviliðsmenn

Kælið lokuð ílát, sem eru berskjölduð fyrir eldi, með því að úða þau með vatni. Leyfið ekki affallsvatni og mengunarefnum frá slökkvistarfi að komast í niðurföll eða vatnsvegi.

## 6. HLUTI: Ráðstafanir varðandi losun fyrir slysni

### 6.1. Persónulegar varúðarráðstafanir, öryggisbúnaður og verklagsreglur í neyðartilvikum

Fjarlægið kveikjugjafa, kveikið hvorki né slökkvið á ljósum eða óvörðum rafbúnaði. Ef um er að ræða mjög mikinn leka í lokuðu rými, rýmið svæðið og athugið að leysiefnagufur séu fyrir neðan lægri sprengimörkin áður en farið er inn á svæðið aftur.

### 6.2. Umhverfislegar varúðarráðstafanir

Ekki láta það sem hellist niður komast í niðurföll eða vatnsvegi.

**6.3. Aðferðir og efni fyrir afmörkun og hreinsun**

Loftræstið svæðið og forðist að anda að ykkur gufum. Farið eftir persónulegu öryggisráðstöfununum í 8. hluta.

Afmarkið og náið upp leka með óeldfimum efnum t.d. sandi, mold, vermikúlíti. Setjið í lokuð ílát utanhúss og fargið í samræmi við reglugerðir um úrgang. (Sjá 13. hluta).

Hreinsið, helst með þvotta- og hreinsiefni. Notið ekki leysiefni.

Leyfið ekki leka að komast í niðurföll eða vatnsvegi.

Ef niðurföll, skolp, lækir eða vötn mengast upplýsið staðbundnar vatnsveitur strax. Ef um er að ræða mengun áa, lækja eða vatna ætti einnig að upplýsa umhverfisyfirvöld.

## 7. HLUTI: Meðhöndlun og geymsla

**7.1. Varúðarráðstafanir fyrir örugga meðhöndlun**

**Meðhöndlun**

Þessi húðun inniheldur leysiefni. Leysigufur eru þyngri en loft og geta dreifst um gólf. Gufur geta myndað sprengiblöndur með lofti. Svæði fyrir geymslu, efnablöndu og meðferð ættu að vera loftræst til að koma í veg fyrir myndun eldfims eða sprengifims gufustyrks í lofti og til að koma í veg fyrir að gufustyrkur verði hærri en starfstengd berskjöldunarmörk.

**Í geymslu**

Meðhöndlið ílátin varlega til að koma í veg fyrir skemmd og leka.

Opin eld og reykingar ætti ekki að leyfa á geymslusvæði. Ráðlagt er að lyftarar og rafmagnsbúnaður sé varinn samkvæmt viðeigandi staðli.

**7.2. Aðstæður fyrir örugga geymslu, þ.m.t. hvers konar ósamrýmanleiki**

Haldið fjarri eftirfarandi efnum: oxandi efnum, sterkum bösum, sterkum sýrum.

Forðist snertingu við húð og augu. Forðist innöndun gufa og úða. Farið eftir varúðarráðstöfunum á merkimiða. Notið persónulega vörn eins og sýnt er í 8. hluta.

Banna ætti að reykja, borða og drekka á öllum undirbúnings- og aðgerðarsvæðum.

Notið aldrei þrýsting til að tæma ílát; ílát eru ekki þrýstihylki.

Geymið á vel loftræstum, þurrum stað fjarri hitagjöfum og beinu sólarljósi.

Geymið á steyptu eða öðru þéttu gólfi, helst með lekagildru til að halda í skefjum hvers konar leka. Hlaðið ekki upp fleiri en þremur vörubrettum.

Haldið ílátinu vel lokuðu. Ílát sem eru opnuð verður að þéttloka vandlega og hafa upprétt til að koma í veg fyrir leka. Geymið í upprunalegu íláti eða íláti úr samskonar efni.

Komið í veg fyrir óheimilaðan aðgang.

Aðgerðir svo sem slípun, hreinsun málningarhúðar með loga o.s.frv. getur orsakað ryk og/eða gufur hættulegar húðinni og lungum. Ryk vegna slípunar getur innihaldið magn af óhvörfuðum hættulegum efnum, sem geta orsakað ertingu og ofnæmi; magnið er mest á fyrstu 24/48 klst. eftir meðferð. Vinnið á vel loftræstum svæðum. Notið staðbundna útblástursloftræstingu og persónulegan húð- og öndunarvarnarbúnað eftir því sem við á.

**7.3. Sérstök endanleg notkun**

Ekki eru fyrir hendi neinar váhrifsaðstæður, sjá nánar í 1. hluta.

## 8. HLUTI: Eftirlit með berskjöldun/persónuleg vörn

### 8.1. Stýribreytur

Eftirfarandi berskjöldunarmörk vinnustaðar hafa verið sett af heilbrigðis- og öryggisyfirvöldum eins og birtist í EH40.

| Efni | Skammtíma (15 mín. meðalt.) | | Langvarandi (8klst TWA) | | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|
| | ppm | mg/m3 | ppm | mg/m3 | |
| Butan-1-ol | - | - | 20 | - | |
| Ethylbenzene | 125 | - | 100 | 434 | |
| Quartz | - | - | - | 0.1 | |
| Xylene | 150 | 651 | 100 | 434 | |

Fyrir lykil að innfærslum í dálkinn 'Athugasemdir' sjá 16. hluta.

### DNEL/PNEC gildi

Engin gögn tiltæk.

### 8.2. Berskjöldunarbreytur

Hafið næga loftræstingu. Þar sem hægt er að koma því við með skynsamlegum hætti ætti þetta að nást með því að nota staðbundna útblástursloftræstingu og gott almennt útsog. Ef þetta nægir ekki til að viðhalda styrk agna og hvers konar gufa fyrir neðan starfstengd berskjöldunarmörk verður að nota viðeigandi öndunarvörn.

### Augn-/andlitshlífar

Notið öryggisaugnbúnað, t.d. öryggisgleraugu, hlífðargleraugu eða hjálmgrímur til að verjast vökvaslettum. Augnbúnaður ætti að mæta kröfum staðals EN 166.

### Húðvörn

Notið hlífðarhanska þegar búast má við langvarandi eða sífelldri snertingu.Húðvarnarkrem geta veitt vernd á húð sem kemst í snertingu, en ætti hinsvegar ekki að bera á eftir að að húð hefur komist í snertingu. Þvoið húð eftir snertingu. Notið efnaverndandi hanska sem flokkaðir eru samkvæmt staðli EN 374: hlífðarhanskar gegn íðefnum og örefnum.

Ráðlagðir hanskar: nítríl eða víton
Slitþol: >480mín

Í þeim tilvikum sem langvarandi eða sífelld snerting gæti átt sér stað, er mælt með hönskum í verndarflokki 6 (slitþol umfram 480 mínútur samkvæmt EN 374). Þegar búast má við snertingu í aðeins skamman tíma, er mælt með hönskum í verndarflokki 2 eða hærri (slitþol meira en 30 mínútur samkvæmt EN 374).

VEITIÐ ATHYGLI: Við val á sérstökum hönskum til beitingar á tiltekinn hátt og til endingar í ákveðinn tíma á vinnustað, skal einnig tekið tillit til allra annarra þátta viðkomandi vinnustaðnum, til dæmis, en ekki eingöngu: annarra íðefna sem gætu verið meðhöndluð, líkamlegra skilyrða (vörn gegn skurði/gati, handlagni, hitavörn), hugsanlegs ofnæmis gegn efni hanska, auk leiðbeininga/upplýsinga sem veittar eru af birgðasala hanskanna.

Notandinn verður að athuga að lokaval hanskagerðar, sem valin er fyrir meðhöndlun þessarar vöru, sé best viðeigandi og að tekið sé tillit til sérstakra aðstæðna við notkun, eins og kemur fram í áhættumati notandans.

### Annað

Klæðast ætti samfestingi, sem hylur líkamann, hendur og fætur. Húð ætti ekki að vera berskjölduð. Hlífðarkrem geta hjálpað til við að verja svæði, sem er erfitt að hylja, svo sem andlitið og háls. Kremin ætti þó ekki að nota ef berskjöldun hefur átt sér stað. Krem úr jarðolíum eins og vaselín ætti ekki að nota. Alla líkamshluta ætti að þvo eftir snertingu.

### Öndunarvörn

Ef starfsmenn eru berskjaldaðir fyrir styrk fyrir ofan berskjöldunarmörk verða þeir að nota viðeigandi,

viðurkenndan öndunarbúnað. Fyrir hámarksvörn þegar verið er að úða þessari vöru er ráðlagt að notuð sé fjöllaga samsett gerð síu svo sem ABEK1. Í lokuðum rýmun, notið öndunarbúnað fyrir þrýstiloft eða ferskt loft.

**Varmahættur**

Engin gögn tiltæk.

## 9. HLUTI: Efnislegir og efnafræðilegir eiginleikar

| | |
|---|---|
| **Útlit** | Grænt Vökvi |
| **Lykt** | Lykt af leysiefni |
| **Lyktarmörk** | Ekki mælt |
| **pH** | Ekki mælt |
| **Bræðslumark / forstmark (°C)** | Ekki mælt |
| **Frumsuðumark og suðumarksbil (°C)** | 110 |
| **Blossmark (°C)** | 23 |
| **Uppgufunarhraði.** | Ekki mælt |
| **Eldfimi (fast efni, lofttegund)** | Á ekki við |
| **Efri/neðri mörk eldfimi eða sprengifimi** | Lægri sprengimörk: Ekki mælt<br>Efri sprengimörk: Ekki mælt |
| **Gufuþrýstingur (Pa)** | Ekki mælt |
| **Eðlismassi gufu** | Þyngra en loft. |
| **Eðlismassi** | 1.98 |
| **Leysni** | Óblandanlegt. |
| **Deilistuðull n-oktanóls/vatns (Log Kow)** | Ekki mælt |
| **Sjálfíkveikjuhitastig (°C)** | Ekki mælt |
| **Niðurbrotshitastig (°C)** | Ekki mælt |
| **Seigja (cSt)** | Ekki mælt |

**9.2. Aðrar upplýsingar**

Engar frekari upplýsingar.

## 10. HLUTI: Stöðugleiki og hvarfgirni

**10.1. Hvarfgirni**

Engin gögn eru tiltæk.

**10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki**

Stöðugt við ráðlögð geymslu- og meðhöndlunarskilyrði (sjá 7. hluta).Þegar efnablandan er berskjölduð fyrir háu hitastigi geta myndast hættulegar niðurbrotsafurðir svo sem kolsýringur, koltvísýringur, köfnunarefnisoxíð og reykur.

Haldið frá oxunarefnum, sterkbasískum og sterksúrum efnum til að forðast möguleg útvermin efnahvörf.

**10.3. Möguleiki á hættulegum viðbrögðum**

Getur brugðist á útverminn hátt við: oxandi efnum, sterkum bösum, sterkum sýrum.

**10.4. Aðstæður sem forðast skal**

Stöðugt við ráðlögð geymslu- og notkunarskilyrði (sjá 7. hluta).

**10.5. Ósamrýmanleg efni**

Haldið fjarri eftirfarandi efnum: oxandi efnum, sterkum bösum, sterkum sýrum.

**10.6. Hættulegar niðurbrotsafurðir**

Eldur mun leiða af sér þykkan svartan reyk. Niðurbrotsefni geta meðal annars verið eftirtalin efni: kolsýringur, koltvísýringur, reykur, köfnunarefnisoxíð.
Forðist berskjöldun og notið öndunarbúnað eins og við á.

## 11. HLUTI: Eiturefnafræðilegar upplýsingar

### Bráða eiturhrif

Berskjöldun fyrir leysiefnagufu þar sem styrkur frá innihaldsleysiefnum umfram tilgreind starfstengd berskjöldunarmörk getur orsakað alvarleg áhrif á heilsu svo sem ertingu slímhúðar og öndunarkerfis og alvarleg áhrif á nýrun, lifur og miðtaugakerfi. Einkennin eru meðal annars höfuðverkur, ógleði, svimi, þreyta, veikleiki í vöðvum, syfja og í öfgafullum tilfellum meðvitundarleysi.

Endurtekin og langvarandi snerting við efnablönduna getur verður til þess að náttúruleg fita fari úr húðinni sem leiðir til þurrks, ertingar og mögulegs snertiexems án ofnæmis. Leysiefni geta einnig sogast gegnum húðina. Skvettur af vökva í augun getur orsakað ertingu og eymsli með skaða, sem mögulega gengur til baka.

Byggt á eiginleikum epoxýefnisþátta og með tilliti til eiturefnafræðilegra upplýsinga um líkar efnablöndur getur þessi efnablanda verið ertandi og ofnæmisvaldandi fyrir húð og öndunarfæri. Lágur sameindaþungi epoxýefnisþátta er ertandi fyrir augu, slímhúð og húð. Endurtekin snerting við húð getur leitt til ertingar og ofnæmis, mögulega með víxlverkandi ofnæmi fyrir öðrum epoxíum. Húðsnerting við efnablönduna og berskjöldun fyrir úða og gufu ætti að forðast.

Efnablandan hefur verið metin Með notkun gagna um bráða eiturhrif, sem eru hér fyrir neðan og flokkaður undir eiturefnafræðilegar hættur samkvæmt því. Sjá 2. hluta fyrir upplýsingar.

| Innihald | Inntaka LD50, mg/kg | Húð LD50, mg/kg | Inhalation Vapour LD50, mg/L/4klst | Inhalation ryki/úða LD50, mg/L/4klst |
|---|---|---|---|---|
| Butan-1-ol - (71-36-3) | 2,292.00, Rotta | 3,430.00, Kanína | Not Available | Not Available |
| Epoxy resin (av.mol.wt.<700) - (25068-38-6) | 2,000.00, Rotta | 2,000.00, Kanína | Not Available | Not Available |
| Ethylbenzene - (100-41-4) | 3,500.00, Rotta | 15,433.00, Kanína | 17.20, Rotta | Not Available |
| Quartz - (14808-60-7) | 500.00, Rotta | Not Available | Not Available | Not Available |
| Xylene - (1330-20-7) | 4,299.00, Rotta | 1,548.00, Kanína | 20.00, Rotta | Not Available |

## 12. HLUTI: Vistfræðilegar upplýsingar

### 12.1. Eiturhrif

Efnablandan hefur verið metin eftir hefðbundinni aðferð tilskipunar um hættulegar efnablöndur 1999/45/EC og er samkvæmt því flokkuð með eiginleika umhverfiseiturhrifa. Sjá 2. og 3. hluta fyrir frekari upplýsingar.

Engin gögn eru tiltæk um vöruna sjálfa.

Ekki ætti að leyfa vörunni að komast í niðurföll eða vatnsvegi.

### Visteiturhrif á vatnalíf

| Innihald | 96 klst. LC50 fiskur, mg/l | 48 klst. EC50 krabbadýr, mg/l | ErC50 þörungar, mg/l |
|---|---|---|---|
| Epoxy resin (av.mol.wt.<700) - (25068-38-6) | 3.10, Pimephales promelas | 1.40, Daphnia magna | Not Available |
| Xylene - (1330-20-7) | 3.30, Oncorhynchus mykiss | 8.50, Palaemonetes pugio | 100.00 (72 hr), Chlorococcales |
| Butan-1-ol - (71-36-3) | 1,376.00, Pimephales promelas | 1,328.00, Daphnia magna | 500.00 (96 hr), Scenedesmus subspicatus |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ethylbenzene - (100-41-4) | 4.20, Oncorhynchus mykiss | 2.93, Daphnia magna | 3.60 (96 hr), Pseudokirchneriella subcapitata |
| Quartz - (14808-60-7) | Not Available | Not Available | Not Available |

**12.2. Þrávirkni og niðurbrjótanleiki**

Engar upplýsingar eru til staðar um efnablönduna sjálfa.

**12.3. Möguleiki á að safnist fyrir í lífverum**

Ekki mælt

**12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi**

Engin gögn eru tiltæk.

**12.5. Niðurstöður PBT og vPvB mats**

Þessi vara inniheldur engin PBT/vPvB efni.

**12.6. Aðrar aukaverkanir**

Engin gögn eru tiltæk.

## 13. HLUTI: Umfjöllunaratriði varðandi förgun

**13.1. Aðferðir við meðhöndlun úrgangs**

Látið ekki komist í niðurföll eða vatnsvegi. Úrgangi og tómum ílátum ætti að farga í samræmi við reglugerðir settar samkvæmt lögum varðandi mengun og lögum um umhverfisvernd.

Með notkun upplýsinga í þessum gögnum ætti að fá ráðleggingar frá yfirvöldum er fjalla um úrgang, hvort sérstök úrgangsreglugerð eigi við.

Flokkun evrópsku úrgangsskrárinnar vegna þessarar vöru þegar henni er fargað sem úrgangi er 08 01 11 Úrgangsmálning og lakk, sem innihalda lífræn leysiefni eða önnur hættuleg efni. Ef blandað saman við annan úrgang getur verið að þessi kóði eigi ekki lengur við og viðeigandi kóða ætti að tiltaka. Fyrir frekari upplýsingar hafið samband við staðbundin sorpyfirvöld.

## 14. HLUTI: Upplýsingar varðandi flutning

| | | |
|---|---|---|
| **14.1. UN númer** | | 1263 |
| **14.2. Viðeigandi UN sendingarheiti** | | PAINT |
| **14.3. Hættuflokkur(-flokkar) flutnings** | | |
| **ADR/RID/ADN** | | UN1263 Málning, 3, III |
| **IMDG** | **flokkur/deild** 3 | **Undirflokkur** |
| | **Aðgreiningarflokkur** | No segregation group appropriate |
| | **EmS** | F-E,S-E |
| **ICAO/IATA** | **Loftflokkur** 3 | **Undirflokkur** |
| **14.4. Pökkunarflokkur** | | III |

**14.5. Umhverfishættur**

**ADR/RID/ADN** Umhverfislega hættulegt: Nei

**IMDG** Sjávarmengunarvaldur: Nei

**14.6. Sérstakar varúðarráðstafanir fyrir notanda**

Engar frekari upplýsingar.

**14.7. Flutningur í lausri vigt í samræmi við Viðauka II MARPOL73/78 og IBC regluna.**

Á ekki við

## 15. HLUTI: Upplýsingar varðandi regluverk

**Evrópulöggjöf**

REGLUGERÐ (EB) NR. 1272/2008 EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS um flokkun, merkingu og pökkun efna og blanda, sem breytir og fellir úr gildi tilskipanir 67/548/EEC og 1999/45/EC og sem breytir reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

REGLUGERÐ (EB) nr. 1907/2006 EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS varðandi skrásetningu, mat, heimild og takmörkun efna (REACH), stofnun Efnastofnunar Evrópu, breytingu tilskipunar 1999/45/EC og niðurfellingu reglugerðar ráðsins (ESB) nr. 793/93 og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94 svo og tilskipunar ráðsins 76/769/EEC og tilskipana framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EEC, 93/67/EEC, 93/105/EC og 2000/21/EC

**Landslöggjöf**

Engin tilgreind.

## 16. HLUTI: Aðrar upplýsingar

IMPORTANT NOTE: the information contained in this data sheet (as may be amended from time to time) is not intended to be exhaustive and is presented in good faith and believed to be correct as of the date on which it is prepared. It is the user's responsibility to verify that this data sheet is current prior to using the product to which it relates.

Persons using the information must make their own determinations as to the suitability of the relevant product for their purposes prior to use. Where those purposes are other than as specifically recommended in this safety data sheet, then the user uses the product at their own risk.

MANUFACTURER’S DISCLAIMER: the conditions, methods and factors affecting the handling, storage, application, use and disposal of the product are not under the control and knowledge of the manufacturer. Therefore the manufacturer does not assume responsibility for any adverse events which may occur in the handling, storage, application, use, misuse or disposal of the product and, so far as permitted by applicable law, the manufacturer expressly disclaims liability for any and all loss, damages and/or expenses arising out of or in any way connected to the storage, handling, use or disposal of the product. Safe handling, storage, use and disposal are the responsibility of the users. Users must comply with all applicable health and safety laws.

Unless we have agreed to the contrary, all products are supplied by us subject to our standard terms and conditions of business, which include limitations of liability. Please make sure to refer to these and / or the relevant agreement which you have with AkzoNobel (or its affiliate, as the case may be).
© AkzoNobel

Upplýsingarnar í þessu heilbrigðis- og öryggisblaði eru nauðsynlegar samkvæmt EB reglugerð 1907(2006) og reglugerðum frá 2009 um efni (upplýsingar um hættu og pökkun fyrir afhendingaraðila).

Lykill að dálkinum 'Athugasemdir' í 8. hluta.
(+) Hætta er á gleypni gegnum heila húð .
(C) Getur orsakað krabbamein og/eða afgenga erfðaskemmd.
(R) Ráðlögð mörk afhendingaraðila.
(S) Getur orsakað starfstengdan asma.

Heildartexti R, H og EUH setninga, sem birtast í 3. hluta, er:

H225 Mjög eldfimur vökvi og gufa.

H226 Eldfimur vökvi og gufa.

H302 Skaðlegt ef gleypt.

H312 Skaðlegt í snertingu við húð.
H315 Veldur húðertingu.
H317 Getur orsaðkað ofnæmisviðbrögð í húð.
H318 Veldur alvarlegum augnskemmdum.
H319 Veldur alvarlegri augnertingu.
H332 Skaðlegt við innöndun.
H335 Getur orsakað ertingu við öndun.
H336 Getur orsakað syfju og svima.
H373 Getur orsakar skemmd á líffærum með langvarandi eða endurtekinni berskjöldun.
H411 Hefur eituráhrif á vatnalíf með langvarandi áhrifum.
R10 Eldfimt.
R11 Mjög eldfimt.
R20 Skaðlegt við innöndun.
R20/21 Skaðlegt við innöndun og í snertingu við húð.
R22 Skaðlegt ef gleypt.
R36/38 Ertandi fyrir augu og húð.
R37/38 Ertandi fyrir öndunarkerfi og húð.
R38 Ertandi fyrir húð.
R41 Hætta á alvarlegum augnskaða.
R43 Getur orsakað ofnæmisviðbrögð við húðsnertingu.
R48/20 Skaðlegt: Hætta á alvarlegum heilsuskaða með langvarandi berskjöldun við innöndun.
R51/53 Eituráhrif á vatnalífverur, Getur orsakað slæm áhrif á vatnaumhverfið.
R67 Gufur geta valdið syfju og svima.

**Þetta er fyrsta uppfærsla þessa SDS sniðs, breytingar frá fyrri uppfærslu eiga ekki við.**

Endi skjals